Mánudaginn 9. október 1967.

Nr. 151/1967. **Ólafur Gestsson**
gegn
Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps f. h. hreppsins.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. september 1967, sem Hæstarétti barst 2. október 1967. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta sætir eigi kæru, sbr. 21. gr., 3. tl., laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands. Ber því að vísa því frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Ólafur Gestsson, greiði varnaraðilja, hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps f. h. hreppsins, kærumálskostnað, kr. 4.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 28. september 1967.

Með úrskurði, uppkveðnum 17. ágúst s.l., var í fógetadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu úrskurðað, að Ólafur Gestsson, Sveinsstöðum, Neshreppi utan Ennis, skyldi rýma húsnæði það, sem hann hefur búið í að Sveinsstöðum, og er úrskurðarorð svohljóðandi:

„Umbeðin útburðargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður".

Úrskurði þessum áfrýjaði úrskurðarþoli með áfrýjunarstefnu, útgefinni af hæstaréttarritara þann 29. ágúst s.l., með þingfestingardegi 2. október 1967. Áfrýjunarstefna þessi mun hafa verið birt þann 25. þ. m. Með bréfi, dagsettu 11. þ. m., ritaði oddviti Ólafsvíkurhrepps gerðarþola og tilkynnti honum, að hann yrði að vera búinn að rýma húsnæðið fyrir 25. þ. m. að viðlögðum útburði. Gerðarþoli hefur ekki rýmt húsnæðið ennþá, og var því beðið um atbeina fógeta til þess að framkvæma útburð.

Gerðarþoli rökstyður kröfu sina um frestun útburðar með því, að áfrýjun útburðarúrskurðarins valdi því, að framkvæmd hans eigi að fresta, þar til dómur sé genginn um málið í Hæstarétti.

Fógetadómurinn lítur svo á, að úrskurðurinn frá 17. ágúst s.l. í framangreindu máli sé bindandi fyrir báða aðilja og að áfrýjun fresti ekki framkvæmd samkvæmt honum, þar sem slíkum úrskurðum megi jafnan framfylgja þegar í stað.

Því úrskurðast:

Útburður samkvæmt framangreindum úrskurði fógetadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá 17. ágúst 1967 skal fara fram.